



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18.03.2009

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, 410. mál

Með frumvarpinu er lagt til að hámark viðmiðunarfjárhæðar greiddra vaxta og vaxtabóta verði hækkað um 25% til viðbótar við 5,7% hækkun sem ákveðin var við gerð fjárlaga 2009.

Samtök atvinnulífsins benda á að umrædd lagabreyting er mjög kostnaðarsöm, sbr. umsögn fjármálaráðuneytisins með frumvarpinu, þar sem fram kemur að áætlaður kostnaður ræmur rúmum tveimur milljörðum króna sem og að ekki er gert ráð fyrir þessum aukaútgjöldum í fjárlögum fyrir árið 2009.

Markmið lagabreytingarinnar er að auðvelda heimilum að mæta aukinni greiðslubyrði af húsnæðislánunum í kjölfar hruns bankakerfisins. Samtök atvinnulífsins telja þó að svo almenn og mikil umframhækkun vaxtabóta sé ekki nauðsynleg. Verðbólga fer nú lækkandi og verðhækkningar hafa ekki reynst meiri en gera mátti ráð fyrir við samþykkt fjárlaga fyrir árið 2009. Unnið er að því eftir öðrum leiðum að létta greiðslubyrði heimila af lánunum. Erfiðust er staða þeirra sem tekið hafa gengisbundin lán. Sá hópur er þó sem betur fer í miklum minnihluta meðal lántakenda. Er því ekki viðeigandi að mæta þeim vanda með svo almennri og mikilli umframhækkun vaxtabóta sem frumvarpið felur í sér.

Með vísan til framanritaðs geta Samtök atvinnulífsins ekki mælt með því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Guðlaugur Stefánsson hagfræðingur